

Skipulagsskrá Systrasjóðs Soroptimistasambands Íslands

1. gr. Sjóðurinn heitir Systrasjóður Soroptimistasambands Íslands og er stofnaður af þeim félagsskap.
2. gr. Tilgangur sjóðsins er að styrkja Soroptimistasystur í neyðartilfellum, t.d. vegna slysa, veikinda eða andláts í fjölskyldunni og/eða í öðrum sambærilegum tilvikum.
3. gr. Tekjur sjóðsins eru:
 - a. Vextir af bankainnstæðum og/eða verðbréfum.
 - b. Áheit og gjafir, dánar- og minningargjafir.
 - c. Framlag samkvæmt 4. gr.
4. gr. Sjóðseign skal eigi vera hærri en svarar fjórum mánaðarlaunum grunnskólakennara í hæsta launaþrepi. Telji sjóðsstjórn þörf á að auka fé til sjóðsins skal hún leggja fram tillögur með nægum fyrirvara fyrir Landssambandsfund Soroptimista með ósk um framlag til sjóðsins.
5. gr. Stjórn sjóðsins annast umsýslu hans. Hún veitir tekjum sjóðsins viðtöku. Sjóðseign skal ávöxtuð á þann hátt sem hagkvæmast er á hverjum tíma, þó þannig að hún skuli vera handbær með skömmum fyrirvara. Stjórnin úthlutar fé úr sjóðnum samkvæmt ábendingu frá stjórnnum klúbbanna.
6. gr. Úthlutun úr sjóðnum skal vera trúnaðarmál og skal nafn styrkþega afmáð að úthlutun lokinni.
7. gr. Árlega getur sjóðsstjórn veitt einn eða fleiri styrki og skal hver styrkur nema að upphæð sem svarar einum mánaðarlaunum grunnskólakennara í hæsta launaþrepi.
8. gr. Skipun stjórnar.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur og ein til vara. Stjórnarkonur skulu ekki vera úr sama klúbbi. Árlega skal kosin ein kona í nefndina til tveggja ára og ein til vara annaðhvert ár. Stjórnarkonur má ekki endurkjósa fyrr en eftir 2ja ára hlé. Gjaldkeri sambandsins er sjálfkjörinn í nefndina hverju sinni. Sú stjórnarkona sem setið hefur eitt ár í nefndinni skal gegna formannsembætti. Fundur er því aðeins ályktunarhæfur að hann sitji allar stjórnarkonur eða, ef með þarf, varastjórnarkona. Stjórnin skal færa fundargerðarbók.
9. gr. Reikningsár sjóðsins miðast við 1. október ár hvert.
10. gr. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Soroptimistasambands Íslands og lagðir fram á Landssambandsfundi ár hvert.
11. gr. Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu lagðar fram á Landssambandsfundi Soroptimistasambands Íslands.